



Umhirða ungskógar - toppsnyrting

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Kynna nemendum umhirðu skógarplantna. Aukatoppar myndast þegar trén verða fyrir skakkaföllum, t.d. vegna toppkals, skara eða sandskemmda á stofni, beitar, fugla o.fl. Eflir leikni í vinnubrögðum og eykur hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsgreinar: náttúrufræði, samþætting.

Aldur: Mið- og elsta stig.



VERKLÝSING

Nemendum er sýnt hvernig á að bera sig að til að verkið sé vandað og nemendur hafi ánægju af verkinu. Þess er vel gætt að verkfæri bítu vel og þau gæti þess að klippa ekki í sig né fót sín. Velja lágvaxin tré sem nemendur geta athafnað sig við og skilja falleg sérstök tré eftir, t.d. vegna hreiðurstæðis.

Sá toppur er látinn verða eftir sem er beinastur og heilbrigðastur, jafnvel þó hann sé ekki stærstur. Þess skal gætt að klippt sé alveg upp við stofn trésins en þvert á greinina þannig að sárið verði sem minnst. Til gamans geta nemendur leikið sér að því að telja fjölda þeirra toppa sem þau klippa og borið sig saman í lokin. Tré sem eru mikið skemmd eða verða ýtrekað fyrir áföllum er betra að fjarlægja alveg og gefa þannig frískum trjám pláss.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Greinaklippur, stigi ef hátt er upp í toppgreinar.